



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um langtímaveikindi starfsfólks á skóla- og frístundasviði

Á 202. fundi skóla- og frístundaráðs, 9. mars 2021 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hversu hátt hlutfall starfsfólks skóla- og frístundasviðs var skráð í langtímaveikindi árið 2019 og árið 2020? Hver var kostnaðurinn vegna langtímaveikinda hjá sviðinu? Eins hver var kostnaður sviðsins vegna veikinda í heild þá bæði langtímaveikinda og veikinda á árunum 2019 og 2020?

Svar:

Árið 2020: Samtals 745 starfsmenn voru skráðir í langtímaveikindi einhvern tíma á árinu. Stöðugildi í langtímaveikindum voru 115,6 á árinu, en stöðugildafjöldi á mánuði var að meðaltali 4.503. Veikindahlutfall var 6,8% og heildarlaunakostnaður þeirra sem voru fjarverandi vegna veikinda á árinu 2020 var 2.729 millj.kr. fyrir þann tíma sem þeir voru fjarverandi. Þar af var kostnaður vegna fjarvista í langtímaveikindum 969 millj.kr.

Árið 2019: Samtals 630 starfsmenn voru skráðir í langtímaveikindi einhvern tíma á árinu. Stöðugildi í langtímaveikindum voru 110,4 á árinu en stöðugildafjöldi á mánuði var að meðaltali 4.381. Veikindahlutfall var 6,8% og heildarlaunakostnaður þeirra sem voru veikir á árinu 2019 2.494 millj.kr fyrir þann tíma sem þeir voru fjarverandi. Þar af var kostnaður vegna fjarvista í langtímaveikindum 849 millj. kr.

Langtímaveikindi eru skilgreind sem öll veikindi sem vara samfelld umfram 30 daga, þ.m.t veikindi á meðgöngu og hlutaveikindi vegna skerts starfs.

Ekki liggur fyrir hver viðbótarkostnaður skóla- og frístundasviðs var vegna veikinda starfsmanna svo sem kostnaður vegna afleysinga.